

Fundarboð

Aðalfundur

Veiðifélags Reykjadalárs og Eyvindarlækjar
verður haldinn á Bollastöðum (húsi félagsins)
sunnudaginn 13. apríl 2014 kl. 20.30

Dagskrá:
Skýrsla stjórnar
Reikningar félagsins til afgangslu
Fjárhagsáætlun ársins
Kosningar
Önnur mál

Stjórn félagsins

Frá stjórn G.F.M.

Údráttur úr skýrslu stjórnar

flutt á aðalfundi G.F.M. sem haldinn var á Fosshóli 16. mars 2014.

Kæru félagar.

Starfið á Goðafossmarkaði árið 2013 var að mörgu leiti frábrugðið því sem við höfum átt að venjast hingað til. Kemur þar til mikil aukning ferðamanna til landsins og dreifing þeirra á fleiri mánuði ársins en þessa þrjá hefðbundnu, þ.e.a.s. júní, júlí og ágúst.

Á Fosshóli var opnað 5. mars og til að byrja með sá starfsfólk Fosshóls ehf. um afgreiðsluna, en sjálfbóðaliðar okkar tóku svo til starfa 15. maí. Starfsmaður á launum byrjaði síðan 24. maí. Þetta var viku fyrir en við höfum haft það en tekið var mið af vorinu 2012. Okkur er ljóst að miðað við traffíkina í vor hafi þessum launaða starfskrafti verið ofaukið og við gætum sparað okkur hann til 1. júní ef sjálfbóðaliðinn gæti unnið sjálfstætt. Þeim fer fjölgandi sem treysta sér í það og ég vil hvetja ykkur til að prófa tölvuna allavega. En áfram með sumarið, starfsfólkið týndist inn eitt af öðru en óvenjumargir voru á launaskrá í sumar og meðalaldur starfsfólks var óvenju lágur. Við tókum að okkur hlutverk upplýsingafulltrúa fyrir sveitarfélagið og það gerði okkur kleyft að bæta við starfsmanni í 40% stöðu í tvo mánuði. Þau voru þrjú sem að skiptu með sér vöktum sl. sumar, Kalli Páls, Unnur Eyfjörð og Emilía Karls. Anna Guðný var síðan vaktstjóri, hélt utan um daglegan rekstur ásamt vörumóttöku. Starfsfólkið okkar unga stóð sig með þrýði og langar mig að þakka þeim vel unnin störf. Mér fannst gaman að starfa með þessu unga fólki, öfunda þau alltaf svoltið af því hvað þau eru frí af sér, tala enskuna og jafnvel fleiri tungumál eins og sitt eigið móðurmál. Það var líka nýtt fyrir okkur að hafa þarna karlmann við störf. Þetta unga fólk er okkar auðlegð og við getum verið stolt af þeim þó að eflaust megi eitthvað að þeim finna.

Um miðjan ágúst stóðum við frammi fyrir því að starfsfólkið okkar unga var á förum, það sem eftir lifði sumars var endalaust þúslað vöktum, en þetta hafðist nú allt saman að lokum. Anna Guðný tók fleiri vaktir og svo sannaðist hið fornkeðna: margar hendur vinna létt verk og við kláruðum sumarið - einhvern vegin. Sjálfbóðaliðarnir voru meira og minna út september og Anna tók vaktir á móti þeim til 23.sept. Þó var ein helgi um mán.mót ágúst- september sem alls enginn fékkst í vinnu á Fosshóli og það þurfti einfaldlega að loka. Svona er nú ástandið orðið, skólarnir byrja á miðju sumri og..... það vantar fleira fólk í

Kynning á náttúrulegu ofurfæðunni frá Berry.En

Laugardaginn 5. apríl kl. 13.30 verður kynning á Berry.En heilsuvörinum frá Þýskalandi í Kiðagili í Bárðardal.

Vörurnar hafa fengið mikið lof og þegar hjálpað fjölda Íslendinga. Læknar og heilbrigðisstarfsfólk er meðal þeirra sem nota og mæla með vörinum og ættu allir að kynna sér þessa einstöku vörulínu.

Allir velkomnir, einnig aðrir félagar í Berry.En með sitt fólk!

Anna Sæunn Ólafsdóttir
Berry.En leiðbeinandi
www.berryenheilsa.com
8462594

samfélagið okkar. Er þarna var komið tók starfsfólk Fosshóls aftur við afgreiðslunni fyrir okkur og þannig var það það sem eftir lifði árs. Samt var það svo að töluverð traffik var á köflum fram eftir hausti og stundum ansi mikið fyrir einn afgreiðslumann. En erfitt við því að gera þegar margar rútur fullar af fólki koma fyrirvaralaust á staðinn. Við færðum kassann fram þannig að nú er hægt að afgreiða vörur frá okkur þar og er það til mikilla þæginda fyrir afgreiðslufólkið. En þá er heldur enginn til að fylgjast með inni hjá okkur. Eins og ég sagði í byrjun þá er landslagið orðið annað og við því þurfum við að bregðast. Það þarf orðið utanumhald um starfsseminna þennan tíma (sem nú er ekki lengur dauði tíminn) og það þarf líka einhver að vera á hliðarlínunni yfir ferðamannatímum því ýmislegt getur komið uppá og gerir það sannarlega.

Vörumóttökur á árinu voru alls 9. Fyrsta móttakan var um miðjan apríl og sú síðasta í nóvember. Mikið kom inn af vörum og við seldum vel í ár. Miðað við hvernig salan fer af stað árið 2014 þurfum við að huga að vörumóttöku með allra fyrsta móti. Það eru t.d. allar small lopapeysur komnar fram í búð.

Markaðsdagurinn var haldinn 6. júlí og drógum við Friðrika formaður HMH nýjan handverksfána að húni í tilefni dagsins. Okkur fannst takast vel til með þennan dag, en þetta var í þriðja sinn sem hann er haldinn. Vonandi er þessi uppákoma komin til að vera. Þetta er góð auglýsing fyrir okkur, en byggist auðvitað allt á því að við leggjum sjálf eitthvað að mörkum. Þátttakendur þennan markaðsdag okkar hafa aldrei verið eins margir og stemminging var góð. Tískusýningin var á sínum stað, spákona í tjaldi, við buðum fólki lummur sem bakaðar voru á staðnum og margt var í gangi hjá okkur þennan dag.

Haustfundurinn okkar var haldinn 4. nóv. á Fosshóli og þar voru mættar 17 konur.

Enginn áhugi reyndist fyrir því að hafa uppákomu að nokkru tagi hér á staðnum fyrir jólin, hvorki hjá handverkskonum né öðrum. Heldur dauflégt var því yfir að líta og lítið lífsmark nema nokkrir túristar slæddust að fossinum og mýs sem laumuðust inn til okkar í skjóli nætur. Við kunnum alls ekki að meta heimsóknir þessara ferfættu gesta, sérstaklega ekki þegar við komumst að því að þær voru farnar að gæða sér á lagernum okkar. Var þá músum sagt stríð á hendur og í þeirri orrustu höfðum við betur. Þær náðu þó að skemma aðeins, en þær vörur sem urðu fyrir barðinu á þeim hafa eigendur fengið bættar.

Nokkrar framkvæmdir voru á árinu, það voru keyptar gínur, ein stór og önnur brjóstgína, ásamt þremur hausum. Lýsingin í glerskápnum var löguð þannig að nú á að sjást almennilega inn í hann. Áheyrsla var lögð á að draga athygli að inngöngunum inn til okkar. Við útbjuggum ansi stæðilega konu og settum sunnan við búðina. Önnur öllu minni fékk svo stað við innganginn á milli verlananna. Þær veikja sannarlega athygli þessar konur og oft tókum við eftir því í sumar að menn voru að láta mynda sig með þeim. Við fjárfestum í innréttingu á árinu og er hún komin í gagnið. Gömlu Hlíðskógabændurnir, Ásrún og Ingvar hjálpuðu mér að koma þessum kössum upp og

OPINN FUNDUR

Samstaða boðar til opins fundar í Ljósveitingabúð mánudaginn 7. apríl n.k. kl. 20:30.

Kynnt verða drög að stefnu framboðsins í komandi sveitarstjórnarkosningum.

Að loknum framsögum verða fyrirspurnir og hópastarf þar sem þeim sem leggja vilja framboðinu lið gefst færi á að koma sínum hugmyndum á framfæri.

Allir velkomnir.

Samstaða



Leiðdeild Eflingar sýnir nýtt íslenskt leikverk, í brenni, eftir Hörð þór Benónýsson með tónlist eftir Jón Alvarsson í leikstjórn Jónnjar Láru Arnórsdóttur og tónlistarstjórn Jón Alvarsson og Péturs Ingólfssonar.

4. sýning	frítdaginn	4. apríl	kl. 20:30	Ófrjásetti laun!
5. sýning	laugudaginn	5. apríl	kl. 16:00	Ófrjásetti laun!
6. sýning	sunnudaginn	6. apríl	kl. 16:00	
7. sýning	fréisdaginn	11. apríl	kl. 20:30	
8. sýning	laugudaginn	12. apríl	kl. 16:00	Ófrjásetti laun!

Athugið takmörkaður sýningartíðni!

Miðapantarir í síma 618-3945 og á leiddeld@leiddeld.is

Við veikjum athygli á sérstökum leikhestilboði sem Dalakofinn býður í samstarfi við okkur þar sem hægt er að fá saman í pakka mat og leikhúsná. Hó samalta vöflusam kvæntilagsins er til sölu fyrir sýningu og í hléi.

	Miðaverð	Mið og matar
Fullaðvís	3950 kr	6200 kr
Éldri borgarar	3000 kr	5900 kr
Börn (16 ára og yngri)	2050 kr	5400 kr

Framsýn gæðir niður miða fyrir félagsmenn sína. Vinsamlegast sækjið afsláttarmiða á skrifstofu Framsýnar áður en greitt er í leikhúsinu.

Hlökkum til að sjá ykkur á Breiðumyrri!



Félagar í HMM

Við gerum gott betra

Erla Guðmundsdóttir frá Símei verður með námskeið á Fosshóli fimmtudagskvöldið 10. apríl kl. 20.00. Námskeiðið er ætlað starfsfólki okkar og félögum HMM er koma að afgreiðslustörfum á Goðafossmarkaði. Við erum öll frábær en höfum engu að síður gott af smá leiðsögn við afgreiðslustörfin. Vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Stjórn GFM

Handverkskonur Skógahópur

Hittumst í Skógum
Föstudagskvöldið 4. apríl kl. 20:30.

Hópstýra

Matarskemman ehf – opunarhátíð

Fimmtudaginn 10. apríl klukkan 15-16 heldur Matarskemman ehf opunarhátíð í aðstöðu fyrirtækisins, andspænis Kjarna á Laugum. Allir hjartanlega velkomnir.

Stjórnin

Stína í Tjarnarborg var okkur til halds og trausts við að raða upp í búðina aftur. Mig langar að færa þeim bestu þakkir fyrir alla hjálpinu, þó það sé heldur létt í vasa þá verður það að duga sem borgun.

Vörutalningin fór ekki fram fyrir en eftir áramótin og sáum við Anna Guðný um það að mestu, enda komast ekki nema tveir að við það verk eins og málum er háttað. Kannski gætum við fjárfest í skanna til að flýta fyrir verkinu, það myndi spara mikla vinnu. Gæðanefndin kom og var aðeins með okkur, þær samræmdu verð á sokkum, vettlingum og barnapeysum auk þess að yfirfara vörur. Nýja tölvukerfið reyndist nokkuð vel í talningunni, við erum enn að læra á það og sjá hvernig best er að mata það í vörumóttökunni. Okkur finnst það heldur seinlegt, en það er skilvirkara en gamla kerfið. Við Magga hjálpuðumst svo að við að þrifa búðina og aftur var opnað, nýuppsett búð sem vonandi verður til bóta.

Drífa ehf. var kærð til Neytendastofu á árinu 2013 fyrir rangar upprunamerkingar. Í framhaldi að því sendum við annað bréf á þingmenn okkar og þingflokksformenn þar sem áfram var skorað á þá að beita sér fyrir upprunamerkingum á erlendum þrjónavarni. Fleiri fyrirtæki fylgdu í okkar spor en engin svör hafa borist okkur frá ráðamönnum.

Eitt er það að lokum sem mig langar að minnst á. Við fórum nokkuð rækilega yfir vörurnar í búðinni og tókum ýmislegt úr sölu. Sumt einfaldlega vörur sem búnar eru að vera hér árum saman og sér orðið á umbúðum eða þær orðnar eitthvað slæptar. Umbúðir láta á sjá með árunum en það má pakka sumum þessum vörum og koma með aftur. Sumt er einfaldlega gallað og svo getur öllum yfirsést, það getur verið lykkja sem fellur niður, munstur sem ekki stemmir, það fer meira að segja þótt ótrúlegt sé sumt fram hjá sívökulungum augum verðlagsnefndar í vörumóttökunni þegar vörurnar flæða yfir þær. Vonandi takið þið þetta ekki illa upp, ég held reyndar að við höfum öll metnað fyrir því að hafa vörurnar okkar fyrsta flokks. Það sem við tókum frá er geymt baka til og þið getið litið eftir hvort þið eigið eitthvað þar ef þið eigið leið um Fosshól.

Það fer gott orð af Goðafossmarkaði, félagið Handverkskonur milli heiða er þekkt hér á landi og jafnvel út fyrir landssteinanna. Fararstjórar koma trekk í trekk með erlenda ferðamenn á Goðafossmarkað því að þeir vilja bjóða þeim það besta og við höfum fengið opinberar viðurkenningar fyrir starfseminu. Við höfum látið í okkur heyra og njótum virðingar samkeppnisaðila okkar. En við verðum líka alltaf að vera á tánum og halda áfram að vanda okkur. Það þarf að hlú að litla félaginu okkar, halda vel utan um það rétt eins og börnin okkar sem vaxa úr grasi. Ég er búin að sitja síðustu fjögur ár í stjórn G.F.M. og eiga nokkrar stundirnar hér á Fosshóli. Þetta er búinn að vera skemmtilegur og lærdómsríkur tími, tel að allir hafi gott að því að starfa í svona stjórnun en engum gott að sitja þar of lengi. Ég segi bara takk fyrir mig og óska nýrri stjórn og okkur öllum alls góðs í framtíðinni.

Ósk

ATH. Goðafossmarkaður ehf auglýsir!!

Fyrsta vörumóttaka ársins verður

laugardaginn 5. apríl

frá kl. 13.00-17.00

Það er vöntun á smátt peysum og húfum.

GV. nefndin

Hreinræktaðir Border Collie hvolpar

Til sölu.

Til afhendingar mánaðarmótin apríl maí, nk.

Seljast ódýrt

Upplýsingar í síma
898 0473 eða 849 7820

13.tbl.
3. apríl
2014
21. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s:4643366/gsm:8953386




Bjarmavöllur í Fnjóskadal

Ungmennafélagið Bjarmi hefur til útleigu frábært svæði fyrir ættarmót eða aðra hópa. Svæðið er gamall íþróttavöllur þar sem hægt er að tjalda. Rafmagnstenglar eru á svæðinu, sturta og wc. Aðstaða til þess að hita vatn og vaska upp. Svæðið er umkringt skógi, stutt í fallegar gönguleiðir, fótboltavöllur og danspallur eru á svæðinu. Tvær sundlaugar eru í nágrenninu. Gæludýr eru ekki leyfð.

Ungmennafélagið Bjarmi

Birna s:8483547 eða bjrnada@simnet.is



Frá Kvenfélagi Fnjóskdæla

Kæru velunnarar.

Nú er komið að árlegri tombólu- og kaffisölu okkar Sumardaginn fyrsta 24. apríl. að Skógum Þeir sem vilja leggja okkur lið með muni komi þeim til okkar fyrir 19. apríl.

Til eftirfarandi:

Þuru í Hrísgarði, Lellu á Veturlíðastöðum eða Gunnu Völu á Hallgilsstöðum.

	Verð
Kaffi fullorðnir	kr. 1000.-
Börn 6-13 ára	kr 500.-
Tombóla	kr. 500

Fjáröflunarnefndin